- ✓ **Frávik** sem verða í reglubundinni skimun á hæð og þyngd (þ.e. þegar LÞS litast, blár, gulur eða rauður í Ískrá) **þarf að skrá samskipti um**.
- ✓ Best er að fara í samskiptin úr vaxtalínurits-glugganum, þá skráist mæling á hæð og þyngd sjálfkrafa inn í samskiptin.







### *Eftirfarandi hjúkrunarviðfangsefni tengjast frávikum í hæðar- og þyngdarmælingum*

| *Hjúkrunarviðfangsefni* | *Skilgreining* |
|---|---|
| ***Eftirlit með vaxtarlínuriti*** | *Ef ástæða er til að fylgjast með vaxtalínuriti nemanda, t.d. vegna vísbendinga á hæðar- og/eða þyngdarlínuriti. **BMI grænt** (kjörþyngd)* |
| ***Frávik á BMI*** | ***BMI gult** (ofþyngd) eða **blátt** (of létt) en nemandinn heldur sinni kúrfu á vaxtalínuriti. Á við þá nemendur sem metið er að frekari aðgerða sé ekki þörf. Geta t.d. verið vel þjálfaðir nemendur.* |
| ***Næring meiri en líkamsþörf*** | ***BMI litast gult** **OG** breyting er upp á við á vaxtalínuriti. Nemandinn er að þyngjast hraðar en hann þarf.* |
| ***Næring minni en líkamsþörf*** | *Breyting niður á við um ca. 1 staðalfrávik á vaxtalínuriti. **BMI grænt** eða **blátt**.* |
| ***Offita*** | ***BMI litast rautt** (offita)* |

***DÆMI um útfyllingu samskipta tengdum fráviki í hæðar- eða þyngdarmælingu.***

***1) Nemandi í 4. bekk hefur færst upp um 2 staðalfrávik í þyngd frá síðustu mælingu og einnig litast BMI gult.***

***Tilefnisflokkur:*** *Skimanir og mælingar*

***Hjúkrunarviðfangsefni: Næring meiri en líkamsþörf***

***Hjúkrunarmeðferð:*** *Samskipti við forráðamann + Meðferð um forvarnir og meðferð + Reglubundin ráðgjöf + Eftirfylgd*

***2) Nemandi í 9. bekk litast gulur í BMI við hæðar- og þyngdarmælingu en heldur sinni línu á vaxtalínuriti.***

***Tilefnisflokkur:*** *Skimanir og mælingar*

***Hjúkrunarviðfangsefni: Frávik á BMI***

***Hjúkrunarmeðferð:*** *Upplýsingaöflun*

***3) Nemandi í 1. bekk litast rauður í BMI við hæðar- og þyngdarmælingu.***

***Tilefnisflokkur:*** *Skimanir og mælingar*

***Hjúkrunarviðfangsefni: Offita***

***Hjúkrunarmeðferð:*** *Samskipti við forráðamann + Ráðleggingar um meðferð og forvarnir + Tilvísun í heilsuskólann + Eftirfylgd*

Framvegis skrá síðan framvindu í sömu samskiptin þegar unnið er með sama viðfangsefnið.